



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 1.3.19
Ábm.	Svfr.
Afgr. Jón	( )Bréf ( )St.
Elva	Trm.

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 28. febrúar 2019

1810042SA AGB

Málalykill: 14.11

### Efni: Íbúasamráðsverkefni

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti í lok síðasta árs að verða við umleitun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar um 5 millj.kr. styrk til að fara í íbúasamráðsverkefni með þátttöku nokkurra sveitarfélaga. Verkefnið snýst um að aðstoða þáttökusveitarfélögin við að beita þeim samráðsaðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins frá 2017: „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa“. Sveitarfélögin munu fá stuðning til að undirbúa og framkvæma samráð í raunverulegum aðstæðum innan síns sveitarfélags. Hugmyndin er sú að byggja þannig upp þekkingu og afla reynslu sem nýst getur öðrum sveitarfélögum í framhaldinu.

Öll sveitarfélög hafa tækifæri til að sækja um þátttöku verkefninu. Samráðshópur verkefnisins mun sjá um að velja þáttökusveitarfélög á grundvelli umsókna þeirra. Leitast verður við að velja sveitarfélög með tilliti til þess að þau séu fjölbreytt að stærð og gerð, en einnig með tilliti til forsendna þeirra til að framkvæma verkefnið og hugmynda um samráðsferni. Gert er ráð fyrir að velja þrjú sveitarfélög til þátttöku til viðbótar við Akureyrarkaupstað, sem átti frumkvæði að verkefninu.

Umsókn þarf að styðjast við samþykkt sveitarstjórnar og fela í sér skuldbindingu um að sveitarfélagið sé tilbúið til að verja fjármagni og mannafla í verkefnið. Áskilið er að þáttökusveitarfélögin tilnefni tvo fulltrúa, annars vegar kjörinn fulltrúa og hins vegar starfsmann til að taka þátt í þremur sameiginlegum fundum og vinnustofum á tímabilinu ágúst 2019 til febrúar 2020. Gert er ráð fyrir að þeir leiði samráðsferlið innan síns sveitarfélags og stýri vinnuhópi, sem sveitarfélögin þurfa að setja á laggirnar til að sjá um undirbúning innan sveitarfélagsins, framkvæmd samráðs og eftirfylgni. Loks er áskilið að sveitarfélögin séu tilbúin til að miðla reynslunni af verkefninu til annarra sveitarfélaga.

Styrkur jöfnunarsjóðs verður fyrst og fremst notaður til að standa straum af kostnaði vegna ráðgjafa sem munu aðstoða þáttökusveitarfélögin og sameiginlegum fræðslufundum og vinnustofum. Hugsanlega verður unnt að greiða eftir á einhvern hluta af ferðakostnaði sveitarfélaganna vegna þátttöku í þremur sameiginlegum fundum. Annan kostnað þurfa sveitarfélögin að bera sjálf, en hann felst fyrst og fremst í vinnu starfsmanna og kjörinna fulltrúa og í framkvæmd samráðsviðburðar í sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi verkefnislýsingu og einnig er sveitarfélög hvött til að kynna sér vel handbók sambandsins<sup>1</sup> til að gera sér betur grein fyrir eðli verkefnisins og þeirri vinnu sem myndi fylgja þátttöku. **Kynningarfundur fyrir áhugasöm sveitarfélög verður haldinn 13. mars nk. kl. 11 í húsakynnum sambandsins að Borgartúni 30. Unnt verður að taka þátt í fundinum í gegnum netið. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til [anna@samband.is](mailto:anna@samband.is) ekki seinna en 11 mars nk.**

Umsóknareyðublað fylgir. Umsóknarfrestur er til 30. apríl nk.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA




---

Anna G. Björnsdóttir  
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

---

<sup>1</sup> <https://www.samband.is/verkefnin/lydraedis--og-mannrettindamal/handbok-um-ibuasamrad-og-thatttoku-ibua/>



Reykjavík 28. febrúar 2019  
1810042SA AGB  
Málalykill: 14.11

**Efni: Íbúasamráðsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar-verkefnislýsing**

**Bakgrunnur verkefnisins**

Undanfarin ár hafa átt sér stað gífurlegar samfélagsbreytingar og meðal þess sem hefur breyst er viðhorf almennings til lýðræðisins og þátttöku í því. Breytingarnar hafa m.a. komið fram í því dregið hefur úr kosningaþátttöku og kannanir sýna að almenningur ber minna traust til pólitískra valdhafa. Sveitarfélög þurfa að bregðast við þessari þróun og læra að hagnýta sér nýjar aðferðir til að byggja upp áhuga, traust og breiðari þátttöku íbúa í hinu staðbundna lýðræði. Landsþing sambandsins hefur viðurkennt þetta og lagt áherslu á aðgerðir í þessa átt, bæði á fyrra kjörtímabili og í stefnumörkun fyrir þetta kjörtímabil. Í samræmi við stefnumörkun sambandsins á fyrra kjörtímabili skipulagði það námsferð um íbúasamráð til Svíþjóðar haustið 2016 og gaf út handbók 2017, um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa, sem er fyrst og fremst byggð á sænskum fyrirmyndum. Í henni er lögð áhersla á mikilvægi þess að byggja upp samráðsmenningu í sveitarfélögum. Flétta þurfi íbúasamráð inn á ákvörðunartökufarla og beita sértækum aðferðum til að ná breiðs hóps íbúa og sérstaklega þeirra sem hafa mikilla hagsmuna að gæta en hafa sig lítt í frammi. Tryggja þurfi að sem flest sjónarmið heyrast og leitast við að skapa skilning meðal íbúa á mismunandi hagsmunum og forsendum sveitarstjórnar fyrir ákvörðunartöku.

Sveitarfélög þurfa að læra að tileinka sér þessar nýju samráðsaðferðir og þau þurfa stuðning til þess. Þetta verkefni er hugsað sem mikilvægt skref í þá átt þannig að þátttökusveitarfélögin fái fræðslu og stuðning til að beita þeim aðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins um íbúasamráð í raunverulegum aðstæðum. Jafnframt verði fylgst með framkvæmd samráðsins og árangri þannig að hægt verði að yfirfæra reynslu þátttökusveitarfélaganna til annarra sveitarfélaga.

**Markmið verkefnisins**

Að byggja upp þekkingu í þátttökusveitarfélögum á því hvernig hægt sé að beita þeim samráðsaðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins frá 2017 í raunverulegum aðstæðum og afla reynslu sem nýst getur öðrum sveitarfélögum í framhaldinu.

### **Val á þáttökusveitarfélögum og skilyrði fyrir þáttöku**

Gert er ráð fyrir að velja að þrjú sveitarfélög til að taka þátt í verkefninu til viðbótar við Akureyrarkaupstað sem átti frumkvæði að því. Verkefnið verður kynnt með bréfi til sveitarfélaga í febrúar 2019 og þeim gefinn kostur á að sækja um þáttöku. **Umsókn þarf að styðjast við samþykkt sveitarstjórnar.**

Þáttökusveitarfélögin verða valin með tilliti til þess að þau séu fjölbreytt að stærð og gerð, en einnig með tilliti til forsendna þeirra til að framkvæma verkefnið og hugmynda um samráðsefni.

Sveitarfélögin skuldbinda sig til að tilnefna annars vegar starfsmann og hins vegar kjörinn fulltrúa til að taka þátt í þremur sameiginlegum fræðslufundum og vinnustofum og leiða samráðsvinnuna innan síns sveitarfélags og þ. á m. innanhúsvinnuhóp sem hafi umsjón með undirbúningi samráðs, framkvæmd og eftirfylgni.

Þáttökusveitarfélögin skuldbinda sig einnig til að miðla þekkingu sinni og reynslu til annarra sveitarfélaga.

### **Skipulag og framkvæmd verkefnisins.**

#### Umsjón með framkvæmd

Samráðshópur sem er skipaður Önnu G. Björnsdóttur sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sóleyju Björk Stefánsdóttur bæjarfulltrúa á Akureyri, Grétari Þór Eypórssyni frá Háskólanum á Akureyri, Evu Marín Hlynsdóttur frá Háskóla Íslands og Stefaníu Traustadóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, mun velja þáttökusveitarfélög og hafa umsjón með framkvæmd verkefnisins.

#### Stuðningur við þáttökusveitarfélög

Ráðgjafar frá sænska sveitarfélagasambandinu, sem hafa starfað með sænskum sveitarfélögum að hliðstæðum verkefnum, munu sjá um fræðslu á sameiginlegum fundum og leiða vinnustofur. Ráðgjafar Alta munu enn fremur verða til stuðnings við sveitarfélögin. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 5 milljónir til að standa undir kostnaði vegna sameiginlegra funda og þáttöku og vinnu ráðgjafa. Hugsanlega verður hægt að endurgreiða hluta af ferðakostnaði sveitarfélaga vegna þáttöku í sameiginlegum fundum en það ræðst af endanlegu uppgjöri. Sveitarfélögin munu sjálf þurfa að standa straum af öðrum kostnaði sínum við verkefnið. Sá kostnaður felst að öllum líkindum fyrst og fremst í vinnuframlagi starfsmanna og kjörinna fulltrúa, og kostnaði við að halda a.m.k. einn samráðsviðburð.

#### Tíma- og verkáætlun

Lok febrúar 2019

Bréf til sveitarfélaga og þeim gefinn kostur á að sækja um.

Umsóknarfrestur til 30. apríl.

13. mars 2019

Kynningarfundur

Mái 2019

Val á þátttökusveitarfélögum

23. ágúst (ekki endanlega staðfest)

Grunnfræðslufundur fyrir tengiliði frá öllum sveitarfélögum og vinnustofa til að byrja að útfæra hugmyndir um samráðsefni og fyrstu drög að samráðsáætlunum.

Efnisþættir í grunnfræðslufundi:

- Hvað felst í samráði
- Hvenær á að fara í íbúasamráð
- Ákvörðun um hversu langt eigi að ganga í samráðinu og skilgreining á markmiðum þess
- Skipun og hlutverk vinnuhóps um samráðsverkefni í sveitarfélagi
- Gerð samráðsáætlunar,

Efnisþættir í samráðsáætlun:

- Lýsing á samráðsmáli
- Markmið samráðs
- Að hvaða leyti eiga íbúar að hafa áhrif (þátttökustigið)
- Afmörkun samráðsspurninga og markhópa
- Gerð tíma-; verk- og kostnaðaráætlunar
- Skilgreining ábyrgðaraðila
- Gerð upplýsingaáætlunar (áætlun um hvernig eigi að miðla upplýsingum um samráðið, samráðsefnið og samráðsviðburði inn á við og út á við)
- Samráðsaðferðir og -viðburðir
- Mat á framvindu og árangri
- Endurgjöf til þátttakenda

Alta veitir sveitarfélögum stuðning eftir fyrstu tvo sameiginlegu fundina.

Október

Framhaldsvinnustofa þar sem sveitarfélög kynna drög að samráðsáætlunum, fá viðbrögð frá ráðgjafa og vinna áfram að áætlun og leggja drög að skipulagi samráðsviðburða.

Nóvember-janúar 2020

Samráðsviðburðir í sveitarfélögum með stuðningi Alta.

Febrúar-mars 2020

Sameiginlegur fundur til að fara yfir hvernig til tókst og ræða framhaldið. Fræðsla um gerð meginreglna fyrir sveitarfélög um íbúasamráð.-

**Eftirfylgni verkefnisins**

Samband íslenskra sveitarfélaga mun skipuleggja þekkingarviðburð eða

viðburði til að miðla reynslunni af verkefninu og uppfæra handbók sína um íbúasamráð með tilliti til þeirra reynslu sem aflað verður. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri munu veita stuðning við fræðilega úttekt á verkefninu. Eru væntingar um að hægt verði að fá háskólanema til að vinna að því sem þátt í sínu námi að fylgjast með því hvernig einstök sveitarfélög vinna að framgangi verkefnisins og meta afrakstur. Samband íslenskra sveitarfélaga mun sjá um að kynna niðurstöður fyrir sveitarfélögum.



Umsókn um þátttöku í íbúasamráðsverkefni  
Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar

Sveitarfélag:

Umsóknin styðst við samþykkt sveitarstjórnar dags.:

Tengiliðir:

Nafn kjörins fulltrúa:

Tölvupóstfang:

Nafn starfsmanns:

Tölvupóstfang:

Hugmyndir um samráðsefni:

*[Athugið að þar sem um reynsluverkefni er að ræða er mælt með að velja samráð um einfalt og vel afmarkað mál sem ætla má að íbúarnir hafi áhuga á, sbr. nánar bls. 8 og 12 í handbókinni „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa“. Sem dæmi má nefna samráð um skipulagningu leiksvæðis eða græns svæðis og samráð við ungmenni um tómstundatilboð. Setja má fram fleiri en eina hugmynd. Samráðsverkefni verður endanlega valið með stuðningi ráðgjafa].*

Rökstuðningur fyrir umsókn:

*[Gera grein fyrir forsendum fyrir umsókn svo sem áhuga, væntingum og hugmyndum um framkvæmd, s.s. fjármögnun, hvar verkefnið verður vistað í stjórnkerfi sveitarfélags og hvernig stjórnarsýslan muni koma að framkvæmd].*

Umsóknir sendist á netfangið [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is) fyrir 1. maí 2019.

**Ófullnægjandi umsóknir verða ekki teknar til greina.**